

Ályktun lækna ráðs Landspítala

3. september 2013

Lækna ráð Landspítala ítrekar áhyggjur sínar af mönnun almennra lækna á lyflækningasviði spítalans. Það ástand sem nú hefur myndast og kallað á bráðaaðgerðir í skipulaggingu á læknaþjónustu innan sviðsins var þegar fyrirséð snemma í vor. Nú þegar læknanemar hefja nám á haustönn að nýju er einungis tæplega helmingur læknisstaða almennra lækna mannaðar við sviðið.

Lækna ráði Landspítala þykir ljóst að svo mikil vöntun á starfandi læknum á lyflækningasviði kemur til með að hafa veruleg áhrif á læknaþjónustu við sjúklinga sem leita til spítalans. Þetta ástand mun einnig bitna á kennslu læknanema og er þá hlutverki spítalans sem háskólasjúkrahús stefnt í hættu.

Bráðaaðgerðir framkvæmdastjórnar Landspítalans fela í sér tilfærslu á verkefnum almennra lækna til sérfræðinga, sem þegar eru ofhlaðnir störfum. Lækna ráð Landspítala óttast að með þessum aðgerðum komi sérfræðingar sviðsins til með að hverfa frá störfum.

Nauðsynlegt er að finna lausnir, bæði til skemmri og lengri tíma, til að mæta mönnunarvanda sviðsins. Lækna ráð skorar á yfirstjórn spítalans að leysa úr þeim málum sem fyrst í samvinnu við lækna sviðsins.